

Útboð á grænum almennum skuldabréfum 21. febrúar

Íslandsbanki hf. verður með lokað útboð á almennum skuldabréfum (e. senior preferred) þriðjudaginn 21. febrúar 2023.

Boðinn verður út flokkurinn ISB GB 27 1122.

ISB GB 27 1122 er grænn óverðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga 22. nóvember 2027 og ber fasta árlega 7,70% vexti.

Útboðið er með hollensku fyrirkomulagi þar sem skuldabréfin verða seld á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Bankinn áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna tilboðum að hluta til eða öllu leyti.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 28. febrúar 2023.

Stefnt er að skráningu bréfanna á Nasdaq Iceland þann 28. febrúar 2023 og verða þau gefin út undir European Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans.

Andvirði útgáfunnar mun verða notað til lánveitinga sem uppfylla skilyrði sem sett eru fram í sjálfbærum fjármálaramma Íslandsbanka. Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu bankans:

<https://www.islandsbanki.is/is/vara/bankinn/fjarmognun-bankans>.

Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið vbm@isb.is fyrir kl. 16:00 þann 21. febrúar 2023.

Tengiliðir

Fjárfestatengsl - ir@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýnina að vera #1 í þjónustu að leiðarljósi vinna þrjár viðskiptaæiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi

[Útboð á grænum almennum skuldabréfum 21. febrúar](#)